

Heimsent

LAUGARDAGUR 29. APRÍL 2017

Kynningar: Heimkaup Ethic Boxið Pósturinn Eldum rétt



Mjög skilvirk og hröð heimsending Heimkaup.is

Í nútíma vefverslun er vel heppnuð útkeyrsla háð góðum forriturum og góðum bílstjórum. Heimkaup.is er í dag langstærsta vefverslun landsins.




Guðmundur Magnason Heimkaup.is

Ánnasömum degi geta starfsmenn Heimkaup.is, langstærstu vefverslunar landsins, afhent yfir 1.000 pakka. Þó er netverslun enn að slíta barnskónum á Íslandi og það sem kallast „stór dagur“

í dag verður líklega venjulegur dagur eftir fáein misseri að sögn Guðmundar Magnasonar, framkvæmdastjóra Heimkaup.is. „Margir velta fyrir sér hvernig við förum að því að keyra út yfir 1.000 pakka á einum degi og halda jafnvel að við höfum tugi bílstjóra í vinnu hjá okkur. En svo er alls ekki.“

Að finna stystu leiðina milli fjölda áfanga-



Allt að 1.000 pantanir eru keyrðar út á nokkrum klukkutímum.

leysa með góðum árangri. „Áður en bílstjórar halda af stað eru gps-hnit sótt fyrir öll heimilisföngin og algrím notað til að reikna út stysta rúnt hvers sendils. Reyndar er vandinn ögn flóknari í dag því einnig þarf að skipta heimilisföngum milli bílstjóra þannig að öll útkeyrslan taki sem allra stystan tíma. Þetta er gert tvisvar á dag, en lagt er af stað með pakka kl. 13 og 17.“

Hann segir hægt að áætla allar tímasetningar nokkuð nákvæmlega. „Viðskiptavinir fá sms þegar þöntun er móttækin, þegar bílstjóri leggur af stað með pakkann og aftur þegar bílstjóri á aðeins eftir að fara á einn stað áður en hann kemur með pakkann. Þessar sendingar eru sjálfvirkar úr tölvuverki Heimkaup.is. Þannig að góðir bílstjórar eru auðvitað nauðsynlegir fyrir starfsemi okkar en þeir eru mun færri en margir kunna að halda þegar forritarnir eru búnir með sitt.“

Þrátt fyrir að Heimkaup.is hafi náð miklum árangri með heimsendingar er verkefninu hvergi nærri lokið að sögn Guðmundar. „Heimkaup.is er frumkvöðlafyrirtæki og í sífelldri þróun, því það er einfaldlega alltaf hægt að gera betur. Við erum t.d. að skoða heimsendingar með drónum í fullri alvöru. Það verður kannski ekki næsta skref en það verður áreiðanlega að veruleika í náinni framtíð.“



staða er síður en svo nýtt viðfangsefni segir Guðmundur. Farandsölumenn glimdu svo sannarlega við það á árum áður. „Viðfangsefnið kallast TSP (The travelling salesman problem), eða farandsöluvandamálið, og var fyrst sett fram sem stærðfræðilegt viðfangsefni á 19. öld. TSP snýst um þessa spurningu: Miðað við ákveðinn

fjölda áfangastaða og fjarlægð hvers og eins til allra hinna, hver er stysta mögulega leiðin frá upphafspunkti og til hans aftur ef hver áfangastaður er einungis heim-sóttur einu sinni?“

Í sífelldri þróun

Þetta eru þau verkefni sem forritarar Heimkaup.is glíma við og

Leggja áherslu á umhverfisvernd og siðferði

Mikil vakning hefur orðið í samfélaginu hvað varðar umhverfisvernd, Fair-Trade og siðferði við framleiðslu á fatnaði,“ segir Hafrún Ósk Pálsdóttir, annar eigandi netverslunarinnar Ethic.is sem var opnuð í byrjun apríl á þessu ári. „Okkur þótti vöntun á gæðavörum framleiddum á siðferðislega réttan hátt á markaðnum á Íslandi.“

Fatnaðurinn sem boðið er upp á í netversluninni er allur úr náttúrulegum og lífrænum efnum frá framleiðendum sem leggja áherslu á að starfa á siðferðislega réttan hátt, sýna samfélagslega ábyrgð, greiða sanngjörn laun og huga að verndun umhverfisins við sína framleiðslu.

Hjá Ethic.is fæst fatnaður frá Amour Vert og People Tree, en einnig hágæða leðurkvenskór frá Fortress of Inca sem eru handgerðir í Perú en einungis er notað afgangsléður úr matvælaíðnaði sem



Fatnaðurinn sem boðið er upp á í netversluninni er allur úr náttúrulegum og lífrænum efnum.



Ethic.is er með hágæða leðurkvenskó frá Fortress of Inca sem eru handgerðir í Perú en einungis er notað afgangsléður úr matvælaíðnaði sem annars yrði sett í landfyllingu.

Verslunin mun bjóða upp á **15%** kynningarafslátt á öllum vörum frá laugardeginum 29. apríl til og með þriðjudeginum 2. maí.



annars yrði sett í landfyllingu. „Þá erum við með gallabuxur á karla og konur frá Mud Jeans sem er einn fremsti framleiðandi í heimi á sjálfbærum gallabuxum, en framleiðsla á gallabuxum er annars gríðarlega mengandi. Mud Jeans framleiðir sínar gallabuxur úr endurunnum gallabuxum og lífrænt ræktaðri bómull,“ segir Hafrún og nefnir einnig fylgihluti svo sem viðarsimahulstur, tréslaufur frá Exallo og handunna skartgripir frá People Tree.

„Allar okkar vörur koma beint frá framleiðanda og hjálpar það okkur að tryggja hagstætt verð,“ segir Hafrún og bendir á að sent er frítt heim að dyrum ef verslað er fyrir meira en tíu þúsund krónur.

„Okkur þykir vænt um umhverfið og við viljum gefa til baka til náttúrunnar. Þess vegna munum við gróðursetja tré fyrir hverja selda vöru.“

Nánari upplýsingar á www.ethic.is, á Facebook og Instagram undir ethicverslun.





Niður með verðið, upp með kaupmáttinn!

Allt að **80% afsláttur** en aðeins í 24 tíma.
Verðin lækka á miðnætti **30. apríl!**



Aðeins í **24 tíma!** - öll verð lækka!



50% afsláttur **britax**

Britax Barnabílstóll 39.990 kr.
Baby-Safe Plus **19.990 kr.**



46% afsláttur **chicco**

Chicco Walky Talky 27.990 kr.
Göngugrind **14.990 kr.**



52% afsláttur **LEGO**

Lego Disney 1.449 kr.
Eldhúsið **690 kr.**



87% afsláttur

Pétur kanína 2.290 kr.
1000 bita púsl **290 kr.**



50% afsláttur **MAKE UP STORE**

Make Up Store 3.995 kr.
Studio farði **1.990 kr.**



47% afsláttur **WINDMILL HEALTH PRODUCTS**

Windmill 1.690 kr.
Turmeric Curcumin 1000 mg 60 stk. **890 kr.**



70% afsláttur

Vísindabók 4.990 kr.
Villa 2 **1.490 kr.**



55% afsláttur **DENVER ELECTRONICS**

Denver plötuspilari 34.990 kr.
Ásamt safni 20 vínýlplata **15.790 kr.**



65% afsláttur **REMINGTON**

Remington Shine Therapy 12.990 kr.
Keilujárn **4.590 kr.**



45% afsláttur **andersson**

Andersson 29.990 kr.
Hrærivél (1000W) **16.590 kr.**



30% afsláttur **POLAR**

Polar M200 19.990 kr.
Æfingaúr með GPS og púlsmæli **13.990 kr.**



40% afsláttur **macron**

Macron 4.990 kr.
Stutterma hlaupabolir **2.990 kr.**

» Stærsta íslenska vefverslunin – yfir 30.000 vörutegundir.
» Frí heimsending ef verslað er fyrir 4.000 kr. eða meira.
» Afhendum samdægurs á höfuðborgarsvæðinu alla daga.



Vörur heim innan tveggja tíma

Boxið er ný matvöruverslun á netinu en vefurinn fór í loftið síðasta haust. Verslunin býður allar helstu nauðsynjavörur til heimilisins sem afgreiddar eru með einungis tveggja tíma fyrirvara, sé þess óskað.

Það sem aðgreinir okkur frá öðrum netverslunum er sú þjónusta að viðskiptavinir okkar geta valið tveggja tíma afhendingarhólf. Hægt er að panta til átta á kvöldin á virkum dögum og fá sent heim samdægurs,“ segir Sigurður Pálmi Sigurbjörnsson, eigandi netverslunarinnar Boxins.

„Viðskiptavinurinn veit einnig alltaf hvenær von er á okkur með vörurnar. Við sendum sms áður en við leggjum af stað þar sem fram kemur áætlaður komutími og gps-linkur þar sem hægt er að fylgjast með því hvar bíllinn er staddur hverju sinni.

Tími er dýrmætur, sérstaklega hjá fjölskyldufólki. Báðir foreldrar vinna yfirleitt úti og krakkarnir eru í tómstundum. Því eru stundir sem fólk getur átt saman afar dýrmætar og við viljum ekkert stress. Samkvæmt Meniga fer meðalmanneskja 158 sinnum út í búð á ári og ef við miðum við að hver búðarferð taki um klukkutíma með akstri til og frá, eyðum við sex og hálfum sólarhring á ári í búðinni. Með heimsendingarþjónustu okkar erum við því að bjóða fólki upp á tvær vikur aukalega í fri á ári,“ segir Sigurður.

„Við settum Boxið á laggirnar í október og höfum byggt hægt og rólega upp. Boxið er sjálfstæð



„Hægt er að panta til átta á kvöldin á virkum dögum og fá sent heim samdægurs,“ segir Sigurður Pálmi Sigurbjörnsson, eigandi netverslunarinnar Boxins. MYND/ANTON BRINK

Við sendum sms áður en við leggjum af stað þar sem fram kemur áætlaður komutími og gps-linkur þar sem hægt er að fylgjast með því hvar bíllinn er staddur hverju sinni.

netverslun en flestar vefverslanir í boði eru í samvinnu við verslunarkeðjur. Boxið er því fyrsta hreinræktaða matvöruverslunin á netinu. Við kaupum vörur af framleiðendum og birgjum, allt það helsta fyrir heimilið svo sem kjöt, kjúkling, fisk, mjólkurvörur, grænmeti, snyrti- og hreinlætisvörur. Það er fákeppni á þessum markaði en við viljum meina að við bjóðum upp á öðruvísi þjónustu og bjóðum upp á samkeppnishæft verð. Við afhendum vörurnar ferskar og fólk þarf ekki að hafa áhyggjur af því að fá útrunnar vörur eða vörur á síðasta söluþegi frá okkur,“ segir Sigurður.

„Frá því að við opnuðum höfum við vaxið stöðugt og þétt. Við höfum lært í leiðinni og aðlagð okkur þörfum neytandans. Við stefnum á enn meiri vöxt.“

Með brosboli á bögglaberanum

Sjónvarpsmaðurinn Egill Helgason byrjaði ungur að vinna. Hann var aðeins tólf ára þegar hann starfaði sem sendill á reiðhjóli og fór um bæinn.

Elin Albertsdóttir
elin@365.is



Það var algengt þegar Egill var á unglingsaldri að strákar væru að vinna í fyrirtækjum sem sendlar. Allir voru þeir á reiðhjólum og ferðuðust um bæinn þveran og endilangan. „Ég var sendill hjá Friðrik Brekkan en hann hannaði og prentaði boli árið 1973. Þetta voru bolir með alls kyns myndum, broskörpum og fleiru. Bolirnir voru aðallega seldir í Hagkaup í Lækjargötu en Friðrik var með vinnuáðstöðu í bílskúr í Blönduhlíð. Ég hjólaði með bolina

á bögglaberanum niður í miðbæ,“ rifjar Egill upp. „Friðrik er leiðsögumaður í dag, skemmtilegur karakter. Við vorum tveir strákar í vinnu hjá honum og hlustuðum á Jimi Hendrix og Frank Zappa á meðan við hjálpuðum honum við prentunina og að sendast. Svona bolir voru nýjung á þessum tíma og mjög vinsælir,“ segir Egill en segja má að Friðrik hafi verið framúrsteftulegur í bolagerðinni en alls kyns bolir urðu eftirsóttir á hippaárunum.

„Einu sinni var ég að flýta mér mikið á milli staða og þá keyrði leigubíll á mig á Snorrabraut. Ég kastaðist af hjólinu en leigubílstjórinn ók mér heim. Um kvöldið kom bílstjórinn til að athuga með mig en þá var ég kominn út í fótbolta. Það héldu mér engin bönd á þessum aldri,“ segir Egill sem slasaðist ekki alvarlega og kippti sér ekki mikið upp við þessa lífsreynslu.

„Ég vann líka á tímabili sem sendill fyrir tollstjóraembættið. Í því starfi fólst meðal annars að fara út í sjoppu fyrir starfsmenn. Það voru allir sendlar á hjólum á þessum tíma, unglingsstrákar sem fóru um borg og bý. Maður var sendur hingað og þangað í einhverjum erindum, jafnvel þótt ekkert væri að gera í fyrirtækinu. Í minningunni var alltaf gott veður

Það þótti sjálfsgað að krakkar væru í vinnu. Tímarnir hafa breyst og nú er ekkert pláss fyrir unglunga á vinnumarkaðnum.

Egill Helgason

og þetta var skemmtilegur tími. Ég átti gult Raleigh-reiðhjól sem ég notaði í sendlastarfinu. Við félagarnir vorum allir í vinnu á sumrin. Ég man eftir einum sem fékk vinnu á bensinstöð, það þótti okkur félögumum mjög fint starf og öfunduðum hann mikið. Seinna vann ég við ýmis störf, fiskvinnslu, í blikksmiðju, byggingarvinnu og fleira. Það þótti sjálfsgað að krakkar væru í vinnu. Tímarnir hafa breyst og nú er ekkert pláss fyrir unglunga á vinnumarkaðnum. Ef maður var ekki í vinnu var maður litinn hornauga, álitinn einhver ræfill,“ upplýsir Egill. Sjálfsgað eiga margir sem komnir eru yfir miðjan aldur skemmtilegar minningar frá sendlatímabilinu.



Egill Helgason á góðar minningar frá þeim tíma þegar hann var sendill á hjóli.

VIÐ BERUM SNILLIGÁFU HEIM AÐ DYRUM

Með heimsendingu kemst sendingin hratt
og örugglega á áfangastað

www.postur.is





Hráefni eru skömmtuð nákvæmlega í hvern rétt og því er engu sóað.

Eldum rétt auðveldar lífið

Eldum rétt hóf starfsemi í byrjun árs 2014 en fyrirtækið afhendir matarpakka í hverri viku sem innihalda hráefni í þrjár kvöldmáltíðir. Pakkana er ýmist hægt að sækja á Nýbýlaveg eða fá senda heim.

Hægt er að velja á milli sígilds matarpakka, paleo pakka og vegan pakka og er hægt að fá hvern pakka í þremur mismunandi stærðum; lítinn, miðlungs og stóran. Fyrirmyndin er komin frá sænska fyrirtækinu Middagsfrid en við höfum þó útfært þjónustuna svölítið öðruvísi og lagað að íslenskum aðstæðum,“ segir stofnandinn Kristófer Júlíus Leifsson einn af stofendum þessa fjölskyldu-fyrirtækis. „Sígildi pakkinn inniheldur hefðbundinn heimilismat, paleo pakkinn svokallað hellisbú-afæði sem er laust við sykur, hveiti og mjólkurvörur og vegan pakkinn grænmetisfæði.“

Hann segir Eldum rétt hafa nokkra kokka á sínum snærum sem hanna uppskriftirnar, sem eru í hundræðatali. „Stundum fáum við líka til okkar gestakokka til að krydda upp á tilveruna.“

Hann segir fyrirkomulagið þannig að viðskiptavinir panta matarpakka á heimasíðunni eldumrett.is fyrir miðnætti á miðvikudegi. „Næsta þriðjudag fá þeir þrjár kvöldmáltíðir með öllu því ferska hráefni sem þarf í hvern rétt ásamt eldunarleiðbeiningum. Ýmist er hægt að sækja pakkann til okkar á Nýbýlaveg 16 eða fá hann heim að dýrum, gegn gjaldi. Hingað til höfum við aðeins sent út á höfuðborgarsvæðinu en til stendur að fara að bjóða upp á sams konar þjónustu á Akureyri, Selfossi, í Hveragerði, Keflavík og Njarðvík svo dæmi séu nefnd,“ upplýsir Kristófer.

Hann segir að þjónustunni hafi verið afar vel tekið og að 2016 hafi verið metár. „Þetta hefur marga kosti. Þú sparar tíma sem fer í að fara í búðina, þarft ekki að ákveða hvað er í matinn og sóar engu, enda eru hráefnin skömmtuð nákvæmlega í hvern rétt. Þú þarft því ekki að kaupa heilt búnt af ferskum kryddjurtum sem á það til að skemmast inni í skáp eða heila krukku af sósu sem er aðeins nýtt að hluta. Nýting matarins verður mun betri og mörgum finnst það skila sér í budduna,“ segir Kristófer.



Kristófer segir Eldum rétt hafa marga kosti. „Þú sparar tíma sem fer í að fara í búðina, þarft ekki að ákveða hvað er í matinn og sóar engu.“ MYND/ERNIR

Hann segir bæði hægt að vera í áskrift að matarpökkunum eða panta eina viku í senn, allt eftir því hvað hentar. „Í Svíþjóð þarf fólk að binda sig í áskrift en við ákvæðum að laga okkar þjónustu að íslenskum venjum. Við erum kannski ekki alveg jafn vanaföst og Svíarnir og því er þjónustan

sveigjanlegri,“ útskýrir Kristófer.

Hann segir starfsfólk Eldum rétt í beinu sambandi við birgjana og leggja mikið upp úr því að fá besta hráefni sem völ er á hverju sinni. „Við fáum inn allar pantanir fyrir miðnætti á miðvikudag og getum þannig áætlað nákvæmlega hvað við þurfum að kaupa inn. Þannig



Hér má sjá steiktan lax úr paleo pakknum.



Bernaise- og beikonborgarinn tilheyrir sígilda pakknum.

verða engin afföll og við höldum matarsóun í lágmarki. Það helst svo í hendur við matarpakkana þar sem allt er nákvæmlega skammtað í hvern rétt og engu sóað.“ Kristófer segir langan pöntunarfrest nauðsynlegan til að hægt sé að áætla. „Við erum þó að vinna í því að færa afhendingu


frá þriðjudegi fram á mánudag. Þá stendur til að bjóða upp á ávaxtapakka en hann er hugsaður í millimal.“

Allar nánari upplýsingar og myndir af réttum og matarpökkum er að finna á eldumrett.is

SENDUM FRÍTT UM LAND ALLT

14 DAGA ENDURGREIÐLSUFRESTUR

EINFALDARA GETUR ÞAÐ EKKI VERIÐ



Skór.is

netverslun



Pósturinn býður upp á öfluga sendlaþjónustu en hægt er að panta sendil í gegnum heimasíðuna www.postur.is. Sendingin á að berast innan 90 mínútna frá því að pöntun er skráð.

Pósturinn eykur þjónustu sína í heimsendingum

Pósturinn býður upp á fjölmarga möguleika fyrir þá sem vilja láta senda sér vörur heim að dyrum. Fyrirtækið býr yfir öflugasta dreifikerfi landsins sem verður æ umhverfisvænna með aukinni notkun rafdrifinna ökutækja.

Víð erum að bæta mjög í sendlaþjónustu okkar, fjölga bæði bílum og starfsfólki, enda hefur eftirspurnin vaxið mikið undanfarið," segir Vésteinn Viðarsson, vörustjóri Póstsins, en fyrirtækið býður upp á afar skilvirka sendlaþjónustu á öllum stærri þéttbýlisstöðum á landinu.

Afar einfalt er að panta sendil hjá Póstinum. Hægt er að smella á flipa á forsiðu www.postur.is, og fylla inn með auðveldum hætti hvar eigi að sækja og skila vörunni.

En hvað er helst verið að sendast með? „Það er ótrúlega fjölbreytt. Við erum mikið að keyra vörur fyrir netverslanir, fara með skjöl í fyrirtæki og koma einu og öðru til skila sem liggur á að berist strax,“ svarar Vésteinn. Viðbragðstíminn er góður en frá því að pöntunin berst og þar til henni er skilað á áfangastað eiga ekki að liða meira en 90 mínútur.

Pakkinn upp að dyrum

Pósturinn keyrir daglega út pakkasendingar milli klukkan 17 og 22 á kvöldin. „Þeir sem vilja nýta sér þessa þjónustu geta skráð sendinguna inn á postur.is, mætt síðan með pakkann á næsta pósthús eða látið sækja hann heim. Pakkinn

fer þá inn í næsta rúnt hjá okkur,“ lýsir Vésteinn. Í skráningunni á vefsíðunni eru fylltar inn ýmsar upplýsingar um sendanda og viðtakanda á borð við netföng og símanúmer. „Þessar upplýsingar hjálpa okkur að auka upplýsingaflæðið til okkar viðskiptavina. Til dæmis getum við fyrst tilkynnt viðtakanda að hann eigi von á pakka og síðan þegar pakkinn er kominn inn í bílinn sendum við SMS um að pakkinn sé á leiðinni á vissum tíma.“ Þetta hefur mælt mjög vel fyrir hjá viðskiptavinum Póstsins. „Fólk kann vel við að fá upplýsingar um sendinguna í rauntíma.“

Pósturinn keyrir út gríðarlega mikið af sendingum á hverjum degi á öllum þéttbýlisstöðum á landinu. Þökkunum er komið til skila samdægurs á höfuðborgarsvæðinu en daginn eftir utan höfuðborgarinnar.

En hvað með þá sem fá tilkynningu um að pakki bíði þeirra á pósthúsinu? „Þeir geta líka farið inn á netið og breytt skráningu pakkans í heimsendingarpakka og fengið hann sendan í næsta rúnti,“ svarar Vésteinn og bendir á að ef mikið liggir við sé einnig hægt að fá sendlaþjónustu Póstsins í málið.



Vésteinn Viðarsson, vörustjóri Póstsins. MYND/ANTON BRINK

Heimkeyrsla á lyfjum

Helsta nýjungin í heimsendingarpjónustu Póstsins er heimkeyrsla á lyfjum. „Nýlega varð sú breyting að fólk getur leyst út lyfseðla á netinu með rafrænum skilríkjum. Þannig opnaðist sú möguleiki að láta skutla lyfjum heim sem viðkomandi þurfti áður að sækja í apótek,“ lýsir Vésteinn en lyfjunum er þá

ekið út með öðrum pakkasendingum milli 17 og 22 á kvöldin.

Þessari nýjung hefur verið vel tekið að sögn Vésteins og býst hann við að enn fleiri muni nýta sér þessa þjónustu í framtíðinni. „Enda eru þeir sem taka lyf oft varla í standi til að fara úr húsi og þá gott að geta látið aðra skutlast með þau fyrir sig.“

Á ferðinni alla daga ársins

Pósturinn er með öflugasta dreifikerfi á Íslandi enda heimsækja starfsmenn fyrirtækisins nánast hvert einasta heimili í landinu nokkrum sinnum í viku. „Þá hefur aukin þörf á heimsendingu á vörum og þjónustu orðið til þess að Pósturinn er með einhverja starfsemi alla daga ársins, meira að segja á stórhátíðardögum en þá sinnum við sérþjónustu fyrir fyrirtæki sem eru opin allan ársins hring, til dæmis í ferðaþjónustunni,“ segir Vésteinn.

Huga að umhverfinu

Umhverfismál skipta Póstinum miklu máli og hefur fjöldi rafknúinna ökutækja aukist til muna á síðustu árum. „Þetta eru bílar sem við notum í innanbæjarakstri og hafa þeir reynst mjög vel. Einnig höfum við tekið í gagnið rafhjól sem keyra út sendingar og við munum fjölga þeim verulega á næstunni. Þessi breyting er bæði hagkvæm fyrir okkur og umhverfisvæn enda notum við innlenda orkugjafa.“

Allar nánari upplýsingar má finna á www.postur.is